

## AUGLÝSING

71

4. júní

### um viðskipta- og greiðslusamning milli Íslands og Tékkóslóvakíu.

Hinn 16. maí 1951 var undirritaður í Prag viðskipta- og greiðslusamningur milli Íslands og Tékkóslóvakíu.

Samkvæmt samningi þessum, er gildir frá 1. maí 1951 til 30. apríl 1952, er gert ráð fyrir, að Íslendingar selji Tékkum hraðfrystan fisk, fiskimjöl, síld, lýsi o. fl., en frá Tékkóslóvakíu er meðal annars gert ráð fyrir kaupum á vefnaðarvörum, pappír, búsaðhöldum, vélum og verkfærum, járn- og stálvörum, skófatnaði, tunn-um o. fl.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 4. júní 1951.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Magnús V. Magnússon.*

## BRÁÐABIRGÐALÖG

72

16. júní

um breyting á lögum nr. 117 28. desember 1950, um breyting á lögum nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Atvinnumálaráðherra hefur tjáð mér, að framleiðslugjald af síldar-afurðum, sem renna á til hlutatryggingarsjóðs bátaútvegsins, sé miðað við útflutningsverðmæti og sé framleiðslugjaldið því mikið hærra af þeirri síld, sem fer til söltunar en þeirri síld, sem fer til bræðslu og sé hætta á því að þetta misræmi dragi úr síldarsöltun. Þá sé og hag síldarútvegsmanna svo komið eftir undanfarin sex aflaleysisár að þörf sé á að lækka framleiðslugjaldið, enda hafi það verið algerlega afnumið af öðrum sjávarafurðum. Til þess að bæta úr framangreindu misræmi, svo og til þess að létta undir með síldar-útvegnum þyki hentugast að lögumnum verði breytt á þá leið, að framleiðslugjaldið verði miðað við fersksíldarverðið en ekki við útflutningsverðmætið.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni eru hér með sett bráðabirgðalög á þessa leið:

#### 1. gr.

3. málsgrein 2. gr. laganna orðist svo:

Framleiðslugjald skal lagt á alla síld, sem lögð er á land til bræðslu eða söltunar og skal það nema 8% af fersksíldarverðinu. Sama gjald skal greiða af útflutningsverðmæti beitusíldar. Ef sumaraflí er minni en 6000 mál að meðaltali á skip skal gjaldið allt, að undanteknu framleiðslugjaldi af útfluttri beitusíld, endurgoldið útgerðarmönnum og sjómönnum um leið og lokið er veiðitíma. Ef sumaraflí er meiri en 6000 mál að meðaltali á skip, skal gjaldið innheimt og renna allt til síldardeildar hlutatryggingarsjóðs bátaútvegsins.